



**SAMEYKI**  
STÉTTARFÉLAG



Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu  
annars vegar

og

Samtök atvinnulífsins vegna RARIK ohf  
hins vegar gera með sér eftirfarandi

## SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu  
á kjarasamningi aðila.



# Gildistími – Afturvirkni um 12 mán

- 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022.
- Afturvirkni kjarasamnings hefur í för með sér að:
  - Allir fá hækkanir, hvort sem þeir eru enn í starfi, hættu á tímabilinu eða misstu vinnuna
  - Allar greiðslur eru innifaldar, s.s. álagsgreiðslur, yfirvinnugreiðslur, fastar greiðslur o.s.frv.
- Vegna gildistíma frá 1 apríl 2019 verður innágreiðslan frá 1. ágúst 2019 **ekki dregin frá.**  
(105.000 kr)

# Launahækkunir

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi hækka í grunnlaunum á eftirfarandi hátt:

- 1. apríl 2019 hækka laun um **17.000** krónur
- 1. apríl 2020 hækka laun um **24.000** krónur
- 1 janúar 2021 hækka laun um **24.000** krónur
- 1. janúar 2022 hækka laun um **25.000** krónur

# Launahækkunir

- Grunnlaun hækka um **90.000 kr.** á samningstímanum
- Sem gerir rúmlega **20%** meðaltalshækkun.
- Með 10 föstum yfirvinnutímum verður **hækkunin** um 102.000 kr
- sem er að meðaltali tæp **23% hækkun** á samningstímanum.

# Önnur laun

Ný grein bætist við kafla 1 sem hljóðar svo:

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu. Önnur laun geta verið vegna reglubundinnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun fylgja hækkunum á launatöflu.

# Persónuuppbót

## Desemberuppbót

Á árinu 2019 – 105.900

Á árinu 2020 – 108.600

Á árinu 2021 – 111.300

Á árinu 2022 – 114.000

## Orlofsuppbót

Á árinu 2019 – 50.000

Á árinu 2020 – 51.000

Á árinu 2021 – 52.000

Á árinu 2022 – 53.000

**Áunnin persónuuppbót skal gerð upp samhliða starfslokum**

# Stytting vinnuvikunnar úr 40 klst. í 36 klst.

- Skipa skal vinnutímanefnd sem gerir tillögu að útfærslu styttingar.
- Vinnutímanefndin er skipuð 5 eintaklingum, 3 félagsmönnum Sameykis og 2 frá yfirstjórn (3 starfsmenn og 2 stjórnendur)
- Tillögur eiga að vera kynntar starfsmönnum eigi síðar en 1. okt 2020.
- Nýtt vinnutímafyrirkomulag skal koma til framkvæmda í síðasta lagi 1. janúar 2021.



# Stytting vinnuvikunnar dæmi

➤ **A. Hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum**

Dagleg stytting

Dæmi: Vinnutími kl. 8 -15:12.

➤ **B: Stytting vinnutíma um 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku.  
Neysluhlé teljast ekki til vinnutíma.**

*Dagleg stytting*

Dæmi: Vinnutími kl. 8:00-15:47.

➤

➤ **Náist ekki samkomulag gildir 13 mín. stytting á dag eða 65 mín. á viku.**

# Orlof

- Við ráðningu 24 dagar og 10,17%
- Eftir 1 ár 27 dagar og 11,59%
- Eftir 2 ár 30 dagar og 13,04%

# Skil milli vinnu- og einkalífs

Gert er ráð fyrir því að starfsfólk geti sinnt reglubundnum störfum sínum innan hefðbundins vinnudags. Sé starfsmanni sem ekki er við vinnu á reglulegum vinnutíma, yfirvinnu eða bakvakt, gert að sinna þjónustu með fjarlausnum (rafrænt eða þess háttar) eða símhringingum í frítíma sínum, skal samið um þóknun vegna þess ónæðis sem af því hlýst. Tilgreina skal þóknun í ráðningarsamningi.

# Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi hvílir á eftirfarandi forsendum. Samningurinn byggir á sömu samningsforsendum og kjarasamningar á almennum markaði dags 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl 2019 verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

# Atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla fer fram með rafrænum hætti og á skrifstofu Sameykis að Grettisgötu 89.

Atkvæðagreiðsla hefst kl. 12:00 24. apríl 2020 og lýkur 28. mars 2020 kl. 12:00.

**Takk fyrir**